

Minnisblað

Fjölskylduráð

24.janúar 2023

Ráðgjafaráð starfar í umboði bæjarstjórnar samkvæmt 8. og 10. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum og 1. mgr. 7. gr., 2. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 11. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Hlutverk ráðgjafaráðs er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við sveitarstjórnir um hagsmuni fólks með fötlun, þar sem fjallað er um þjónustu, framkvæmd þjónustu og þróun. Hlutverk ráðgjafaráðs er einnig að auka áhrif fólks með fötlun á skipulag, framkvæmd og önnur hagsmunamál í sveitarfélaginu. Ráðgjafaráð stuðlar að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli fólks með fötlun og stjórnvalda sveitarfélaganna um stefnu og framkvæmd í málaflokknum.

Auk þess að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld hefur ráðgjafaráð það hlutverk að fylgjast með framkvæmd þjónustu á þjónustusvæðinu í samráði við fólk með fötlun, talsmenn og aðstandendur. Í því felst meðal annars að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga, þó ekki þær sem varða málefni einstaklinga.

Ráðgjafaráð veitir velferðarráðuneytinu umsögn um þjónustu sem félagasamtök, sjálfeignarstofnanir og aðrir þjónustu- og rekstraraðilar hyggjast veita samkvæmt ákvæðum laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Ráðgjafaráð fundar að minnsta kosti sjö sinnum á ári, sem er greitt fyrir skv. reglum sveitarfélagsins um störf nefnda og ráða á vegum Hafnarfjarðar. Samkvæmt reglum um ráðgjafaráð ber að boða til fundar með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rita skal fundargerðir og senda fjölskylduráði jafnóðum. Fundargerðir skulu vera aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið leggur ráðgjafaráð til starfsaðstöðu og starfsmann sem ritar fundargerðir. Í ráðgjafaráði sitja sjö fulltrúar. Bæjarstjórn tilnefnir þrjá fulltrúa og tvo til vara. Öryrkjabandalagið tilnefnir tvo fulltrúa og tveir til vara og Proskahjálpi tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara.

Reglur um ráðgjafaráð voru samþykktar í fjölskylduráði 27.mars 2020.

Árið 2022 hélt ráðgjafaráð sjö fundi. Ósk um fjölgun funda ráðgjafaráðs hefur áður verið til umræðu, en ekki verið tekin afstaða til fjölgunar. Ráðgjafaráð er með fasta fundartíma, annan þriðjudag í mánuði.

Sjöfn Guðmundsdóttir
deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu